

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2010.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármálaráðuneytið árlega innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2010 verður 24,1% af tekjuskattsstofni að 2.400.000 kr., 27% af tekjuskattsstofni frá 2.400.001 kr. að 7.800.000 kr. og 33% af tekjuskattsstofni frá 7.800.001 kr. Meðalútsvar á árinu 2010 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 13,12%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2010 verður því 37,22% af tekjuskattsstofni að 2.400.000 kr., 40,12% af tekjuskattsstofni frá 2.400.001 kr. að 7.800.000 kr. og 46,12% af tekjuskattsstofni frá 7.800.001 kr.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2009.

F. h. r.

Guðmundur Árnason.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.